

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

25. júní 2009

**Umsögn Vantrúar til Efnahags- og skattanefndar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (Þskj. 155 — 118. mál.)**

Félagið Vantrú (kt: 4211043440) samanstendur af trúleysingjum sem standa utan trúfélaga og telur sér því skylt að senda inn umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (Þskj. 155 — 118. mál.). Þær breytingar sem koma félaginu við eru þær sem fjalla um breytingar á sóknargjaldafyrirkomulaginu.

Við í félaginu Vantrú mótmælum því að breytingar á sóknargjaldafyrirkomulaginu feli ekki í sér leiðréttingu á því misrétti sem við sem stöndum utan skráðra trúfélaga erum beitt. Við borgum sömu skatta og þeir sem tilheyra skráðum trúfélögum en þeir fá að ákvarða hvernig ákveðnum hluta sameiginlegu skattfé okkar er ráðstafað. Í raun niðurgreiðum við sem stöndum utan skráðra trúfélaga starf þeirra trúfélaga sem við höfum ákveðið að standa utan. Þetta kerfi gengur augljóslega gegn anda 64. gr. Stjórnarskrárinnar sem segir: “Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.”

Okkar frumkrafa er að lög um sóknargjöld verði einfaldlega felld úr gildi og trúfélög standi sjálf að fjármögnun sinni og innheimtu félagsgjalda.

Fyrsta varakrafa okkar er að lögum um sóknargjöld verði breytt á þann hátt að við sem stöndum utan skráðra trúfélaga fáum greidd sóknargjöld okkar (hér leggjum við til beina greiðslu en einnig mætti hugsa sér skattaafslátt).

Önnur varakrafa okkar er að lögum um trúfélög verði breytt á þann hátt að lífsskoðunarfélög sem sinna sömu félagslegu hlutverkum og trúfélög geti fengið sömu

réttarstöðu og skráð trúfélög (og þar með sóknargjöld meðlima sinna). Þessi breyting væri í fullu samræmi við ályktanir flokksþinga Vinstri grænna og Samfylkingar.


Við leggjum einnig til að fyrirkomulagi trúfélagsskráninga verði breytt. Kannanir sem gerðar hafa verið undanfarin ár (Pétur Pétursson 2004 og Terry Gunnell 2006 og 2007) hafa leitt í ljós að trúarskoðanir Íslendinga samræmast illa trúfélagsaðild. Leiða má líkum að einhverjir sem hafa verið sjálfkrafa skráðir í trúfélög viti ekki hvernig skráning þeirra er. Við leggjum til að hægt verði að sjá trúfélagsskráningu sína og skrá sig úr trúfélagi í gegnum skattframtal (innskráning í trúfélag er annars eðlis þar sem þau hafa ólíkar reglur um hverjum er hleypt í félagin og því er ekki mögulegt að láta ríkisvaldið eitt sjá um slíkar skráningar).

Félagið Vantrú leggur þar að auki til nokkrar lagabreytingar til viðbótasparnaðar fyrir ríkið. Í fyrsta lagi leggjum við til að prestsþjónusta verði ekki lengur undanþegin virðisaukaskatti. Í öðru lagi leggjum við til að undanþágur trúfélaga vegna fasteignaskatts verði afnumdar. Í þriðja lagi leggjum við til að sérheimild um þóknun til höfunda vegna guðsþjónustu og aðrar kirkjulegar athafnir verði felld úr gildi (slíkt ætti að auka skatttekjur). Rétt er að benda á að oft hafa gengið sögur um málamynda prestsgjörninga við tónleika til að spara höfundaréttargjöld.

Við teljum líka rétt að benda á hið skipulega misrétti sem kemur fram í því hverjum er boðið að senda inn umsögn um frumvarpið. Sá eini sem virðist fá boð tengd umræddum breytingum er biskup ríkiskirkjunnar. Önnur trúfélög fá ekkert slíkt boð og heldur ekki samtök sem teljast fulltrúar þeirra sem standa utan trúfélaga (Vantrú, Siðmennt og SAMT). Þessi handvömm mun vafalaust skekkja heildarmyndina þegar umsagnir verða skoðaðar.

f.h. Vantrúar,

Óli Gneisti Sóleyjarson, formaður.



## Tillögur um breytingar á frumvarpi

### *Frumtillaga*

Eftirfarandi breyting verði gerð á frumvarpinu:

#### XII. KAFLI

Niðurfelling á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld.

23. gr.

Lög nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. falli niður.

24. gr.

9. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög orðist svo:

Innganga og úrsögn úr skráðu trúfélagi og úrsögn úr þjóðkirkjunni. Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði sem lög og samþykktir þeirra mæla fyrir um. Forstöðumaður sem í hlut á skal gæta þess að öllum skilyrðum sé fullnægt og gefa út vottorð því til staðfestingar. Sá sem óskar eftir inngöngu í skráð trúfélag eða þjóðkirkjuna skal skila inn því vottorði til þjóðskrár.

Úrsögn úr skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni skal tilkynna beint til þjóðskrár eða í gegnum skattframtal einstaklings.

Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að félagi, svo sem álagningar opinberra gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögmætri tilkynningu til þjóðskrár. Geta þeir sem hlut eiga að máli annast slíka tilkynningu með framvísun vottorðs skv. 3. mgr.

25. gr. og 26. gr. falla niður og númer annarra greina frumvarpsins breytist eftir því.

## Tillögur um breytingar á frumvarpi

### *Fyrsta varatillaga*

Eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

24. gr.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar, af óskiptum tekjuskatti, fjárhæð er rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og einstaklinga sem standa utan skráðra trúfélaga.

25. gr.

4. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: „Vegna einstaklings, sem hvorki er í þjóðkirkjunni né skráðu trúfélagi samkvæmt lögum nr. 18/1975, greiðist gjaldið beint til þess einstaklings.“

Einnig leggjum við til að eftirfarandi grein verði bætt í frumvarpið um breytingu á lögum nr. 108/1999 um skráð trúfélög:

xx. gr.

9. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög orðist svo:

Innganga og úrsögn úr skráðu trúfélagi og úrsögn úr þjóðkirkjunni. Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði sem lög og samþykktir þeirra mæla fyrir um. Forstöðumaður sem í hlut á skal gæta þess að öllum skilyrðum sé fullnægt og gefa út vottorð því til staðfestingar. Sá sem óskar eftir inngöngu í skráð trúfélag eða þjóðkirkjuna skal skila inn því vottorði til þjóðskrár.

Úrsögn úr skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni skal tilkynna beint til þjóðskrár eða í gegnum skattframtal einstaklings.

Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að félagi, svo sem álagningar opinberra gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögmætri tilkynningu til þjóðskrár. Geta þeir sem hlut eiga að máli annast slíka tilkynningu með framvísun vottorðs skv. 3. mgr.

## Tillögur um breytingar á frumvarpi

### *Önnur varatillaga*

Eftirfarandi greinum verði bætt í frumvarpið um breytingu á lögum nr. 108/1999 um skráð trúfélög:

xx. gr.

3. gr. 1. mgr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög orðist svo:

Skilyrði fyrir skráningu félags samkvæmt lögum þessum er að það leggi stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sterkar sögulegar eða menningarlegar rætur eða sinni samsvarandi trúarlegum eða félagslegum skyldum og hafi unnið sér sess. Slík lífsskoðunarfélög skulu njóta sömu stöðu og trúfélög gagnvart ríkinu.

xx. gr.

9. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög orðist svo:

Innganga og úrsögn úr skráðu trúfélagi og úrsögn úr þjóðkirkjunni.

Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði sem lög og samþykktir þeirra mæla fyrir um. Forstöðumaður sem í hlut á skal gæta þess að öllum skilyrðum sé fullnægt og gefa út vottorð því til staðfestingar. Sá sem óskar eftir inngöngu í skráð trúfélag eða þjóðkirkjuna skal skila inn því vottorði til þjóðskrár.

Úrsögn úr skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni skal tilkynna beint til þjóðskrár eða í gegnum skattframtal einstaklings.

Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að félagi, svo sem álagningar opinberra gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögum tilkynningu til þjóðskrár. Geta þeir sem hlut eiga að máli annast slíka tilkynningu með framvísun vottorðs skv. 3. mgr.

**Viðbótartillögur um sparnað**

Við leggjum til að eftirfarandi greinum verði bætt í frumvarpið:

Töluliður 14. í 2. gr. í lögum nr/1988 um virðisaukaskatt hljóði svo:

14. Útfararþjónusta.

xx. gr

Liður a. í 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitafélaga falli niður.

xx. gr.

Liður 4. í höfundalögum nr. 73/1972 falli niður.